

Fundargerð stjórn ÍSS 2022 - 2023

Fundarstjóri: Svava Hróðný Jónsdóttir			Fundur nr: 7	
Fundarritari: Þóra Sigríður Torfadóttir			Staðsetning: TEAMS	
Mætt: Svava Hróðný Jónsdóttir (SHJ) Ingibjörg Pálsdóttir (IP) María Fortescue (MF) Þóra Sigríður Torfadóttir (ÞST) Hulda Líf Harðardóttir (HLH) Hörður Sigurðsson (HS) Kristel Björk Þórisdóttir (KBP) Framkvæmdastjóri	TEAMS	Fjarverandi	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
			<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
			<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
			<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Aðrir:			Dags : 05/10/2022	Frá : 18:30
			Næsti fundur:	

Fundarefni

1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar Lokið Ólokið

5.fundargerð - samþykkt.

2. Fræðslunefnd Lokið Ólokið

Fræðslunefnd athugar hver staðan á skautum regnbogann er, ef af verður yrði sú vinna tilbúin fyrir febrúar svo hægt sé að klára að vinna skjölin og gefa út fyrir næsta tímabil. Einnig er mikilvægt að upplýsingar um skautumregnbogann séu til á ensku.

Stjórn ítrekar við nefndir að mikilvægt sé að fullvinna erindi og skjöl sem send eru á stjórn til samþykktar.

Umsjónarmaður:

3. Laganefnd Lokið Ólokið

Smávægileg breyting á orðalagi en reglugerð er í samræmi við umræðu á 5.fundi.

Samþykkt

Umsjónarmaður:

4. Skil á ársskýrslum félaganna

Lokið Ólokið

Það hefur verið vöntun á þessum skilum til ÍSS svo árum skiptir
Í lögum ÍSS segir: 17.grein. “Ársskýrslur og ársuppgjör aðildarféлага ÍSS skulu berast á tölvutæku formi til ÍSS fyrir 15. apríl ár hvert.”

Í lögum ÍBR segir: 7. grein “Aðildarfélög skulu senda starfsskýrslur með féлага- og iðkendatölum og tölum úr ársreikningum til ÍBR fyrir 15. apríl ár hvert. Fyrir 1. júní ár hvert skulu félögin skila ársskýrslu og árituðum endurskoðuðum ársreikningi til bandalagsins. Berist þessar skýrslur ekki innan tilskilinna tímamarka er stjórn ÍBR heimilt að fresta samkvæmt eigin ákvörðun greiðslum á hlutdeild viðkomandi aðila í tekjum Íslenskrar getspar þar til skýrslur hafa borist.”

Í lögum ÍSÍ segir: 8 grein” 8.1. Fyrir 15. apríl árlega skulu sambandsaðilar ÍSÍ skila starfsskýrslu síðasta árs, sem meðal annars inniheldur féлага- og iðkendatal síðasta almanaksárs í gegnum félagakerfi íþróttahreyfingarinnar sem ÍSÍ leggur til. Aðili, sem ekki skilar skýrslum í tæka tíð missir rétt til þátttöku í Íþróttabingi, svo og í opinberum íþróttamótum þar til skýrslum hefur verið skilað eða samið við framkvæmdastjórn um stuttan frest til þess. Við beitingu þessarar greinar skal leitast við að refsingu sé beitt gagnvart þeim aðila, deild, félagi eða sambandi sem ábyrgð bera á því að skýrslu er ekki skilað.”

Stjórn ræðir um að breyta vinnuferlum og hvernig er hægt að bæta þessi samskipti, spurning með áminningar frá skrifstofu, en getur reynst erfitt þar sem mismunandi vinnuferla hjá bókhalds fyrirtækjum sem þjónusta aðalstjórnir.

Umsjónarmaður:

5. Handbók félaganna

Lokið Ólokið

Gott er að halda kynningarfund með félögunum um handbók ætluð þeim.

Umsjónarmaður:

6. Gjaldskrá ÍSS

Lokið Ólokið

- innri launatafla ÍSS

Skrifstofa mun halda utan um ítarlegri gjaldskrá með sundurliðun á vissum liðum.

7. Skautahlaup

Kannað verður með styrki fyrir skautahlaup, ýmsir möguleikar í boði t.d.

Íþróttasjóður Erasmus, Styrktarsjóður ÍBR o.fl. Áður en farið er í að leggja út annan kostnað við kaup á búnaði til frekari uppbyggingar er mikilvægt að fá styrki og auglýsa skautahlaupið vel.

Umsjónarmaður:

8. Framkvæmdastjóri ÍSS

Lokið Ólokið

Valdimar hefur sagt starfi sínu lausu og verður farið í að kanna með efstu kandidata frá síðustu ráðningu áður en almenn auglýsing verður send út.

9. Önnur Mál

a) Æfingabúðir afrekshóps og afreksefna janúar 2023

- viðbót keppnisflokka. Breyting á áherslum

Afreksnefnd ræddi um keppnisferð erlendis þar sem hægt væri að bjóða Intermediate Novice, Intermediate Women og Basic Novice ásamt ISU flokkunum, ÍSS myndi útvega farastjóra en annar kostnaður lægi hjá keppanda.

Best er að halda afreksbúðir í janúar frekar en desember þar sem búðirnar eru nýttar í að fara yfir prógröm og undirbúning fyrir þau stórmót sem framundan eru á þessum tíma.

b) syncro/solo dans

Spurning hvort ætti að útbúa vinnuhóp með tækninefnd til að kanna hvað þarf til að hægt sé að útfæra syncro/solo dans að íslenskum aðstæðum. Getur verið góður liður í því að ná skautaiþróttinni lengra hér á landi.

c) Passa uppá að öll fjögur aðildarfélög innan ÍSS fái allar upplýsingar frá skrifstofu á tilsettum tíma.

d) keppnisreglur SO/AS.

Passa uppá að reglur sem gefnar eru út frá Special Olympics eru gefnar út að þær verði einnig aðgengilegar á heimasíðu ÍSS.

e) Ekki verður farið með ISU flokkanna í keppnisferð erlendis að svo stöddu.

f) Formaður heyrir í topp umsækjendum.